

## REGLUR um aukastörf akademískra starfsmanna Háskóla Íslands.

### I. KAFLI **Gildissvið og meginreglur.**

1. gr.

Reglur þessar ná til akademískra starfsmanna Háskóla Íslands og stofnana hans sem eru í a.m.k. 50% starfi við Háskólann (hafa starfið að aðalstarfi).

Með akademískum starfsmönnum er í reglum þessum átt við háskólakennara, þ.e. prófessora, dósenta, lektora og vísindamenn, fræðimenn og sérfræðinga Háskóla Íslands og stofnana hans sem hafa með höndum sjálfstæðar vísindarannsóknir.

2. gr.

Starfsmaður skal rækja störf sín við Háskóla Íslands af metnaði og alúð og gæta trúnaðar við Háskólann í hvívetna. Starfsmaður skal gæta þess að störf hans utan Háskóla Íslands, hvort sem þau eru launuð eða ekki, samræmist faglegum skyldum hans í Háskólanum, þannig að ekki verði vífengt að ákvarðanir hans og athafnir í starfi samræmist reglum Háskólans og séu í þágu skólans.

### II. KAFLI **Upplýsingaskylda.**

3. gr.

Við ráðningu og árlega eftir það geri starfsmaður forseta þess fræðasviðs sem hann tilheyrir grein fyrir störfum og skuldbindingum sínum við fyrirtæki, stofnanir og aðra aðila utan Háskólans á sérstöku eyðublaði. Slíkt yfirlit fylgi árlegu framtali starfa.

4. gr.

Hyggist starfsmaður Háskólans taka við launuðu starfi í þjónustu annars aðila, taka sæti í stjórn atvinnufyrirtækis eða stofna til atvinnurekstrar, þá ber honum að skýra forseta þess fræðasviðs sem hann tilheyrir frá því áður en hann ákveður að taka við starfinu. Telji forseti fræðasviðs tilgreinda starfsemi ósamrýmanlega starfi hans við Háskólann er starfsmanninum bannað að hafa hana með höndum, sbr. 20. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Forseta fræðasviðs ber að tilkynna starfsmanni þetta innan tveggja víkna frá því hann móttetur erindi hans.

### III. KAFLI **Helgun í starfi.**

5. gr.

Umfang starfa starfsmanns utan Háskólans má ekki vera slíkt að það komi niður á starfi hans við skólann.

6. gr.

Starfsmaður skal vera til staðar á vinnustað sínum í samræmi við eðli starfs síns og starfslutfall. Á kennslumisserum skulu stúdentar hafa greiðan aðgang að kennara, annað hvort á auglýstum viðtalstíma eða eftir samkomulagi. Komi upp aðstæður þar sem starfsmaðurinn er fjarri vinnustað sínum í Háskólanum samtals í lengri tíma en þrjár vikur á misseri skal hann fá

heimild forseta viðkomandi fræðasviðs til þess. Forseti fræðasviðs, að höfðu samráði við stjórn fræðasviðs, getur sett viðmiðunarreglur um styrti fjarvistir.

#### 7. gr.

Háskólakennari í fullu starfi skal ekki taka að sér viðamikla kennslu eða fyrirlestrahald utan Háskólangs nema gerður hafi verið samstarfssamningur um háskólakennslu við aðra stofnun með þáttöku kennarans eða með leyfi forseta fræðasviðs.

#### 8. gr.

Ef í ljós kemur að verkefni starfsmanns og störf utan Háskóla Íslands eru svo umfangsmikil að mati forseta fræðasviðs að starfsmaður uppfyllir ekki starfsskyldur sínar gagnvart Háskólanum getur forseti krafist þess að starfsmaður dragi úr verkefnum utan skólangs eða gert við hann samkomulag um að starfshlutfall hans hjá Háskólanum verði minnkað.

### IV. KAFLI Hagsmunaárekstrar.

#### 9. gr.

Starfsmaður Háskólangs sem á aðild að rannsóknarverkefnum skal merkja verkefnin Háskóla Íslands, sem og ritsmíðar sem á þeim byggjast. Starfsmaður í fullu starfi skal fela Háskólanum fjárhagslega umsýslu rannsóknarverkefna sem hann stýrir eða kemur að, en heimilt er að víkja frá því ef rannsóknarverkefni er unnið í samstarfi við aðila utan Háskólangs.

#### 10. gr.

Ef nemandi fær námsaðstöðu eða námstækifæri í fyrirtæki eða stofnun sem er stjórnað af eða er að hluta eða í heild í eigu starfsmanns Háskólangs, nánustu fjölskyldu hans eða nánustu vina, skal tryggja sérstaklega að nám og þjálfun nemandans hjá fyrirtækinu eða stofnuninni uppfylli akademískar kröfur og starf nemandans sé ekki háð fjárhagslegum hagsmunum kennarans, vina hans eða vandamanna. Fái nemandi námsaðstöðu eða námstækifæri af þessu tagi skal viðkomandi starfsmaður gera forseta fræðasviðs grein fyrir því.

#### 11. gr.

Starfsmanni er óheimilt að nota vinnuaðstöðu sína við Háskóllann í þágu ótengdrar starfsemi sem hann sinnir utan Háskólangs, án sérstakrar heimildar forseta fræðasviðs. Með ótengdri starfsemi í þessu sambandi er átt við starfsemi sem ekki varðar rannsóknar- eða kennsluhlutverk Háskólangs eða þá þjónustu sem skólinn veitir í krafti þekkingar sinnar. Forseti fræðasviðs getur heimilað starfsmanni að nýta vinnuaðstöðu sína til afmarkaðra verkefna utan skólangs.

#### 12. gr.

Starfsmaður Háskólangs sem vegna starfs síns á aðild að úthlutun fjár til rannsókna innan eða utan skólangs skal ekki eiga aðild að, eða taka þátt í, ákvörðun um styrkeitingu þegar hann sjálfur á í hlut eða nánir ættingjar eða nánir vinir hans. Gildir þá einu hvort um er að ræða faglega umsögn eða fjárhagslega afgreiðslu styrkumsóknar. Skal starfsmaður tilkynna hlutaðeigandi stjórn eða fagráði um hugsanlegt vanhæfi sitt og óska þess að vera undanþeginn umfjöllun og afgreiðslu umsóknarinnar. Um setu starfsmanns í dómnefnd um starf innan eða utan Háskólangs og störf hans þar gilda vanhæfisreglur stjórnsýslulaga.

Nr. 1096

3. nóvember 2008

V. KAFLI  
**Eftirlit og gildistaka.**  
13. gr.

Forseti fræðasviðs hefur eftirlit með að starfsmenn sviðsins fari eftir reglum þessum, meðal annars á grunni upplýsinga sem honum eru veittar samkvæmt ákvæðum II. kafla. Uni starfsmaður ekki ákvörðun forseta fræðasviðs samkvæmt reglum þessum getur hann skotið máli sínu til rektors.

14. gr.

Reglur þessar eru settar af háskólaráði samkvæmt heimild í 5. mgr. 15. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 3. nóvember 2008.*

**Kristín Ingólfssdóttir.**

---

*Pórður Kristinsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 3. desember 2008